



Fundargerð

Tilv. 1704259/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 8/2017.
Dagsetning og tími: 8. nóvember 2017, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 27. september 2017.
2. Grisjunarbeiðni Ríkislögreglustjórans dags. 15. desember 2016 – starfsmannasamtöl (var á dagskrá fundar 16. febrúar 2017) (málsnr. 1611057).
3. Grisjunarbeiðni Samskiptamiðsvöðvar heyrnarlausra dags. 30. janúar 2017 – túlkablöð, túlkapantanir (var á dagskrá fundar 16. febrúar 2017) (málsnr. 1701098).
4. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 11. september 2017 – fylgiskjöl bókahalds (var á dagskrá fundar 27. september 2017) (málsnr. 1709041).
5. Grisjunarbeiðni utanríkisráðuneytisins dags. 3. október 2017 – umsóknir um vegabréfsáritanir (málsnr. 1710016).
6. Grisjunarbeiðni Útlendingastofnunar dags. 20. október 2017 –bókhaldsgögn (málsnr. 1710154).
7. Grisjunarbeiðni Útlendingastofnunar dags. 20. október 2017 – vegabréfsáritanir fyrir sjómenn (málsnr. 1710153).
8. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 25. október 2017 – tölvupóstar vegna afgreiðslu vottorða (málsnr. 1710163).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 27. september 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 27. september 2017 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Ríkislögreglustjórans dags. 15. desember 2016 – starfsmannasamtöl (var á dagskrá fundar 16. febrúar 2017) (málsnr. 1611057).

Beiðninni var hafnað. Grisjun upplýsinga úr starfsmannasamtölum getur mögulega falið í sér eyðingu á upplýsingum sem kunna að hafa gildi síðar meir í lagalegu tilliti, t.d. varðandi réttindi



Þeirra einstaklinga sem kunna að eiga hlut að máli, hvort sem í hlut eiga starfsmenn eða stjórnendur stofnunar, sem og starfsemi stofnunarinnar sem slíkrar. Það hefur ekki áhrif á þessa niðurstöðu að um sé að ræða eyðublöð sem eru fyllt út á hverju ári, að þau geti innihaldið viðkvæmar upplýsingar eins og um líðan viðkomandi starfsmanns og að honum sé heitið trúnaði í samtalinu enda ber að varðveita gögnin með tryggum hætti í samræmi við reglur laga nr. 77/2014 og reglur sem Þjóðskjalasafn hefur sett á grundvelli þeirra laga.

3. Grisjunarbeiðni Samskiptamiðsvöðvar heyrnarlausra dags. 30. janúar 2017 – túlkablöð, túlkapantanir (var á dagskrá fundar 16. febrúar 2017) (málsnr. 1701098).

Beiðninni var hafnað. Grisjun á túlkablöðum og túlkapöntunum geta mögulega falið í sér eyðingu á upplýsingum sem kunna að hafa gildi síðar meir í lagalegu tilliti, t.d. varðandi réttindi þeirra einstaklinga sem kunna að eiga hlut að máli og starfsemi stofnunarinnar sem slíkrar. Ekki skiptir máli í þessu sambandi að um sé að ræða eyðublöð sem eru útfyllt af viðkomandi einstaklingi og að skjölin geti innihaldið viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar.

4. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 11. september 2017 – fylgiskjöl bókahalds (var á dagskrá fundar 27. september 2017) (málsnr. 1709041).

Beiðninni var hafnað. Hlutverk skjalanna er að tryggja og sýna fram á fjármálagerninga í samræmi við lögbundin verkefni Seðlabanka Íslands. Auk þess eru skjölin frá árunum 2008–2009 og geta þess vegna varpað ljósi mikilvægt tímabil í sögu landsins sem var efnahagshrunið 2008 og eftirmála þess.

5. Grisjunarbeiðni utanríkisráðuneytisins dags. 3. október 2017 – umsóknir um vegabréfsáritanir (málsnr. 1710016).

Beiðnin var samþykkt. Utanríkisráðuneytinu er heimilt að eyða umbeðnum umsóknum um vegabréfsáritanir sem ná yfir tímabilið 2015–2017 þegar skjölin eru orðin tveggja ára gömul. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin hafa tímabundið gildi og fela ekki í sér réttindi til lengri tíma.

6. Grisjunarbeiðni Útlendingastofnunar dags. 20. október 2017 – bókhaldsgögn (málsnr. 1710154).

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Ákveðið að leita nánari upplýsinga um skjölin en í skjalategundum sem upp eru talin er óskað eftir grisjun á sjóðsbókum án þess að nánari upplýsingar fylgi.

7. Grisjunarbeiðni Útlendingastofnunar dags. 20. október 2017 – vegabréfsáritanir fyrir sjómenn (málsnr. 1710153).

Beiðnin var samþykkt. Útlendingastofnun er heimilt að eyða umbeðnum umsóknum um vegabréfsáritanir fyrir sjómenn sem ná yfir tímabilið 2005–2012 þegar skjölin eru orðin fimm ára gömul. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin hafa tímabundið gildi og fela ekki í sér réttindi til lengri tíma.



8. Grísjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 25. október 2017 – tölvupóstar vegna afgreiðslu vottorða (málsnr. 1710163).

Beiðnin var samþykkt að hluta. Þjóðskrá Íslands er heimilt að eyða tölvupóstum sem varða vefpantanir, erlend heimilisföng, samskipti við geymslufyrirtæki um afrit af gögnum stofnunarinnar, gamlar pantanir í bið og tölvupósta um afgreiðslutíma stofnunarinnar. Aðra tölvupósta sem óskað var eftir grísjun á í beiðninni er hafnað og skal varðveita þá í málafni stofnunarinnar. Forsenda ákvörðunarinnar um eyðingu ofangreindra tölvupósta er að upplýsingarnar sem þeir innihalda hafa tímabundið gildi. Tölvupósta sem skal varðveita tengjast afgreiðslu mála sem varða lögbundin verkefni stofnunarinnar.

Fundi slitið kl. 13:15.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)